



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
b.t. Guðmundar Inga Guðbrandssonar ráðherra
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Akranesi, 26.02.2019
1807133 SFP

Efni: Ályktun bæjarstjórnar Akraness um að fyrirhuguð stofnun þjóðgarða og friðlýstra svæða verði starfrækt á Akranesi

Bæjarstjórn Akraness skorar á Guðmund Inga Guðbrandsson umhverfisráðherra að höfuðstöðvar nýrrar stofnunar um þjóðgarða og friðlýst svæði (hér eftir nefnd Þjóðgarðastofnun) verði staðsettar á Akranesi og að ný stofnun verði starfrækt með samlegð við Landmælingum Íslands. Hjá Landmælingum starfa nú 26 sérfræðingar en hjá nýrri stofnun munu mögulega starfa nokkrir tugir starfsmanna í heilsárstörfum auk fjölda landvarða í sumarstörfum og flestir þeirra munu sækja vinnu á starfstöðum þjóðgarða og friðlýstra svæða víða um land. Aðeins líttill hluti starfsmanna (mögulega 10%) nýrrar stofnunar munu starfa í höfuðstöðvunum.

Bæjarstjórn telur að með þessu megi stuðla að hagkvæmni í ríkisrekstri, húsrými er nægt fyrir báðar stofnanir í húsnæði Landmælinga á Akranesi og að álti bæjarstjórnar mun starfsemi beggja stofnana styrkast með slíkri samvinnu s.s. með því að nýta sameiginlega innviði á sviði upplýsingataekni, mannaúðsmála, fjármálastjórnunar og gæðamála.

Akranes er hlutlaust svæði og ekki bundið af hagsmunum þeirra landsvæða þar sem þjóðgarðar eða friðlýst svæði eru rekin. Einnig samræmist staðsetning Þjóðgarðastofnunar á Akranesi þeim sjónarmiðum að nýjum stofnunum og opinberum störfum skuli fundinn staður á landsbyggðinni. Um leið er Akranes nálægt Reykjavík og býður þar með upp á nálægð við bæði stjórnsýslu og helstu ferðamannasvæði, sem stuðlar að skilvirkni. Staðsetning starfa á Akranesi hentar bæði fyrir þá starfsmenn sem þar kjósa að búa og einnig fyrir þá starfsmenn sem vilja búa fyrir sunnan göng.

Þetta er að dómi bæjarstjórnar, frábært tækifæri til að skapa þessum tveimur stofnunum aðstæður þar sem einn plús einn gæti orðið miklu meira en bara tveir.



Bæjarstjórn Akraness vil benda á að nýlega höfum við misst bæði síslumanns- og lögreglustjóraembætti og bæjarstjórn stendur nú í mikilli baráttu við að verja þau störf sem eftir eru hér á vegum þessara embætta. Vesturland kemur verst út meðal landshluta þar sem einungis 3% opinberra starfa eru en 5% íbúa og hefur þeim einungis fjölgað um 1,8% frá 2013 – 2017 á meðan störfum á vegum ríkisins hefur fjölgað um 9,6% á landinu öllu.¹


Alyktunin er send umhverfis- og auðlindaráðherra, umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og þingmönnum Norðvesturkjördæmis.

Bára Daðadóttir

Bára Daðadóttir

Élsa Lára Arnardóttir

Elsa Lára Arnardóttir



Ólafur Adolfsson

Rakel Óskarsdóttir

Rakel Óskarsdóttir

Valgarður L. Jónsson

Valgarður L. Jónsson

Einar Brandsson

Einar Brandsson

Kristinn H. Sveinsson

Kristinn Hallur Sveinsson

Ragnar B. Sæmundsson

Ragnar B. Sæmundsson

Sandra M. Sigurjónsdóttir

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir

1 Á meðan fjölgunin á Suðurnesjum er 55%, á Norðurlandi eystra 15%, á Vestfjörðum 10%, á höfuðborgar-svæðinu 8%, á Austurlandi 7%, á Suðurlandi 4%. Tölur fengnar úr kynningu Vífils Karlssonar, hagfræðings SSV á málþinginu „Ríkisstofnun úti á landi – búbót eða basl“ sem haldið var á Akranesi 22. febrúar 2019.

